

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 12. mars var haldinn 126. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:00 og var haldinn í Félagsheimilinu Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Sigurbórsdóttir, framkvæmdastjóri í Miðgarði og Margrét Richter rekstrarstjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Teknar eru fyrir styrkumsóknir til hverfisráðs Kjalarness. Eftirfarandi styrkir eru lagðir fyrir og afgreiddir:
  - Félagsheimilið Fólksvangur rekstrarfélag kt. 600913-1070 styrkumsókn fyrir markaðssetningu fyrir Fólksvang alls 50.000 kr. Umsókn samþykkt.
  - Ungmennafélag Kjalnesinga kt. 700895-2979 styrkumsókn fyrir afþreyingu fyrir börn alls 50.000 kr. Umsókn samþykkt.
  - Þróunarfélag Kjalnesinga kt. 610611-0950 styrkumsókn fyrir aðalfund félagsins alls 25.000 kr. Umsókn samþykkt.
  - Sögufélagið Steini á Kjalarnesi kt. 420312-0160 styrkumsókn fyrir útaltari í landi Esjubergs á Kjalarnesi alls 100.00 kr. Umsókn samþykkt.
  - Ungmennafélag Kjalnesinga kt. 700895-2979 styrkumsókn fyrir hverfishátíð Kjalnesinga alls 150.000 kr. Umsókn samþykkt.
  - Félagsheimilið Fólksvangur rekstrarfélag kt. 600913-1070 styrkumsókn um þrífkostnað á félagsheimilinu alls 50.00 kr. Umsókn hafnað þar sem ekki er veittur styrkur fyrir almennan rekstrarkostnað.
- Kl. 17:20 tekur Eiríkur Hans Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallarvina sæti á fundinum.
2. Umræða um ýmis vorverk á Kjalarnesi. Ákveðið er að sækja um gáma fyrir garðaúrgang og stærri hluti í tengslum við hreinsiátak Reykjavíkurborgar sem verður í vor. Eins var ákveðið að fá á næsta fund Eygerði Margrétardóttur deildarstjóra umhverfis- og úrgangsdeildar hjá skipulags og umhverfissviði til að fara yfir þessi mál.
3. Umræða um Kjalarnesdaga en þeir verða haldnir helgina 26. til 27. júní 2015.
4. Ákveðið er að haldin verði ljósmyndasamkeppni þar sem myndir af Kjalarnes verði myndefnið. Keppninni verður skipt í þrjá flokka, skipuð dómnefnd og veittar viðurkenningar á Kjalarnesdögum. Flokkarnir yrðu mannlíf, náttúra og skemmtilegasta myndefnið.
5. Lögð fram til kynningar útskrift úr gerðarbók Umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. janúar 2015 varðandi Alfsnes, Sorpu.

### Fundi slitið kl. 18:20

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga  
Guðfinna Ármannsdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir